

Skýrsla stjórnar Sálfræðingafélags Íslands starfsárið 2019 – 2020

Félagsmenn:

Félagsmenn eru í dag alls 739 og er það fjölgun um 49 frá fyrra ári. Stéttarfélagsaðild hafa alls 538, (fagaðild innifalin). Fagaðild eingöngu hafa 67. Aukaaðild (nemar og sálfræðingar starfandi erlendis) hafa 104, enginn hefur fræðaaðild og heiðurs- og lífeyrisaðild hafa 30.

Árið 2019 voru gefin út 46 starfsleyfi. Til samanburðar voru 42 leyfi gefin út 2018, 47 leyfi gefin út árið 2017 og 48 leyfi gefin út árið 2016.

Fjöldi útgefinna sérfræðileyfa frá upphafi eru 130. Á síðasta ári voru gefin út 3 ný sérfræðileyfi en til samanburðar voru gefin út 24 sérfræðileyfi árið 2018. Samkvæmt upplýsingum frá Embætti landlæknis voru 2 sérfræðileyfi gefin út árið 2017.

Stjórn:

Í stjórn SÍ á tímabilinu sátu: Tryggvi Guðjón Ingason formaður, Bóas Valdórsson varaformaður, Sigríður Karen Bárudóttir gjaldkeri, Helgi Héðinsson ritari, Þóra Sigfríður Einarsdóttir meðstjórnandi, Gunnhildur Gunnarsdóttir meðstjórnandi og Agnes Björg Tryggvadóttir meðstjórnandi.

Kjörtímabilum Bóasar, Sigríðar Karenar, Þóru Sigfríðar og Gunnhildar lýkur á aðalfundi 2020. Sigríður Karen og Þóra Sigfríður gefa ekki kost á sér til áframhaldandi setu. Bóas býður sig fram til endurkjörs varaformanns og Gunnhildur býður sig fram til áframhaldandi stjórnarsetu. Önnur framboð til stjórnar eru þessi: Álfheiður Guðmundsdóttir býður sig ein fram í embætti gjaldkera og er því sjálfkjörin. Elsa Kristjánsdóttir og Berglind Stefánsdóttir bjóða sig fram í embætti meðstjórnenda og fer netkosning meðal félagsmanna fram dagana 19. febrúar til 24. febrúar. Úrslit verða tilkynnt á aðalfundi. Þóru Sigfríði og Sigríði Karen eru þökkuð góð störf í þágu félagsins. Þóra Sigfríður hefur verið í stjórn frá árinu 2009, í fimm ár sem varaformaður og síðan sem meðstjórnandi. Sigríður Karen hefur verið í stjórn frá árinu 2013, fyrst sem meðstjórnandi og sem gjaldkeri frá 2016.

Stjórn fundar að jafnaði einu sinni í mánuði, tvo tíma í senn. Fundir stjórnar voru alls á 11 tímabilinu að meðtöldum einum starfsdegi.

Nefndir, undirfélög og fagdeildir, samstarf innan félags:

Samninga- og samstarfsnefndir og trúnaðarmannaráð funda eftir þörfum með framkvæmdastjóra og varaformanni. Aðrar nefndir félagsins eru: Prófanevnd, Fagráð, Ritstjórn Sálfræðiritisins, Siðanefnd og Fræðslunefnd. Tvö undirfélög voru starfandi á árinu: Félag sálfræðinga á Norður- og Austurlandi og Félag framhaldsnema við sálfræði. Tvær fagdeildir voru starfandi á starfsárinu: Fagdeild um réttarsálfræði og Fagdeild sálfræðinga við skóla. Árskýrslur berast frá nefndum, undirfélögum og fagdeildum fyrir aðalfund.

Formenn nefnda, formaður og framkvæmdastjóri hittust á árlegum fundi til upplýsinga og ráðagerðar, þar fyrir utan hafa verið haldnir fundir með einstaka nefndum og undirfélögum eftir þörfum.

Hefð hefur verið fyrir því að halda vinnugleði með stjórn, nefndum og trúnaðarmönnum. Vinnugleðin hefst á stuttum fundum hvernar nefndar og trúnaðarmanna þar sem farið er yfir starfið framundan, síðan er gerð stutt samantekt yfir hópinn og loks gætt sér á veitingum. Árið 2018 var ákveðið að hafa vinnugleðina stuttu eftir aðalfund í staðinn fyrir að hausti áður. Ástæður fyrir þessu eru nokkrar, m.a. að líta á vinnugleðina sem tækifæri fyrir nýtt fólk í nefndum til að hitta aðra sem eru í trúnaðarstörfum fyrir félagið, að nefndir hittist fljótlega eftir aðalfund, setji sér áætlun fyrir starfsárið, festi niður fundi o.s.frv.

Er það von stjórnar að störf nefnda, trúnaðarmannráðs, fagdeilda og undirfélaga auki samstarf og virkni innan félagsins, styðji við faglega þróun og gefi almennt góða sýn á mannauðinn innan félagsins. Þakkar stjórn þessum aðilum mikilvægt og gott starf á árinu.

Kjaramál:

Kjaramál eru viðvarandi viðfangsefni hjá Sálfræðingafélagi Íslands og var starfsárið engin undantekning þar sem samningarviðræður hafa staðið yfir á árinu við ríkið, Reykjavíkurborg og Samband íslenskra sveitarfélaga. Frá vormánuðum hefur SÍ verið í öflugum samstarfi við 10 félög í BHM í samningaviðræðum við ríkið en samningar losnuðu 31. mars 2019. Samningaviðræður standa enn yfir.

Samninganefndir SÍ hafa einnig fundað reglulega með samninganefndum Reykjavíkurborgar og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Samningaviðræður standa enn yfir.

Stofnanasamningar voru endurnýjaðir við Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins og Heilbrigðistofnun Suðurnesja. Anna María Frímannsdóttir, framkvæmdarstjóri SÍ, hefur leitt þá vinnu ásamt félagsmönnum viðkomandi stofnanna.

Fundir með trúnaðarmannaráði hafa verið að jafnaði einu sinni í mánuði á árinu en trúnaðarmannaráðið gegnir mikilvægu hlutverki varðandi kjaramálin.

Stjórn þakkar trúnaðarmönnum, félögum í samstarfsnefndum og samninganefndum fyrir mikilvægt framlag á árinu.

Fundað var einu sinni með aðilum frá Félagi sjálfstætt starfandi sálfræðinga og Félagi sérfræðinga í klínískri sálfræði ásamt formanni Fagráðs SÍ til að ræða og undirbúa hugsanlegan samning við Sjúkratryggingar Íslands. Markmið fundarins er að vera undirbúin, komi til samningafunda að samningi við sjúkratryggingar. Stefnt er að áframhaldandi vinnu á næsta starfsári.

Félagsstarf, fastir liðir:

Formaður og framkvæmdastjóri héldu kynningarfund fyrir nýja sálfræðinga. Anima, félag sálfræðinema í BS námi við HÍ, óskaði eftir vísindaferð til SÍ og tóku formaður og framkvæmdastjóri á móti félaginu.

Árlegur haustfundur var haldinn 1. nóvember. Umræðuefni haustfundar var fjarmedferð í heilbrigðisþjónustu með áherslu á sálfræðinga. Erla Björnsdóttir, sálfræðingur og Dr. í líf- og læknávisindum, kynnti fjarþjónustu sálfræðinga á Íslandi í dag og rannsóknir um árangur fjarmedferðar. Dr. Helga Sif Friðjónsdóttir, sérfræðingur í geðhjúkrun, hélt erindi um stafræna heilbrigðisþjónustu til framtíðar og Dagrún Hálfánardóttir, lögfræðingur hjá Embætti landlæknis, hélt erindi um lög og reglugerðir í tengslum við fjarheilbrigðisþjónustu. Góð þátttaka var á haustfundi og lauk fundi eins og áður með léttum veitingum.

Ellefta Sálfræðiþingið var haldið á starfsárinu dagana 10. til 12. apríl 2019. Fræðsla fyrir almenning var haldin í upphafi þingsins og hefur nú fest sig rækilega í sessi en þetta var í fjórða sinn sem boðið er upp á ókeypis fræðslu fyrir almenning. Fræðslan fjallaði um áföll og áhrif þeirra á börn og fullorðna og bar yfirskriftina „Hvað er með þessi áföll?“ Þóra Sigfríður Einarsdóttir hélt fyrirlesturinn og svaraði spurningum. Áhugi almennings á störfum sálfræðinga er mikill og var vel mætt. Auk þess var fræðslan send út í streymi til allra landsamanna. Að venju buðu stofnanir og fyrirtæki sálfræðinga heim á kynningardegi og vinnustofa var haldin með opunarfyrirlesara þingsins, Dr. Deborah Lee, en færri komust að en vildu. Metþátttaka var á ráðstefnuveginum sjálfum en yfir 300 sálfræðingar mættu. Framsögu átti Dr. Deborah Lee. Viðurkenning fyrir framúrskarandi lokaverkefni nema í starfsréttindanámi í sálfræði var veitt í þriðja sinn og féll hún í skaut nema úr Háskóla Íslands, Arnars G. Skúlasonar. Heiðursverðlaun Sí voru veitt í fimmta sinn og hlaut Dr. Evald Sæmundsen, sálfræðingur, verðlaunin. Næsta Sálfræðiþing er áætlað 1. til 3. apríl 2020 og er undirbúningur komin á fullt.

Siðareglunámskeið var haldið sem og morgunverðafundur og námskeið sem nánar er gert grein fyrir í skýrslu fræðslunefndar.

Fésbókarsíða félagsins er vel nýtt til að benda á það sem sálfræðingar eru að gera vel og til ýmissa auglýsinga og skilaboða frá félaginu og BHM. Mikið hefur verið um auglýsingar um námskeið og þegar sálfræðingar koma fram í fjölmiðlum. Einnig hafa verið settar upplýsingar um kjaramál en þau hafa verið mjög áberandi á árinu.

Samstarf innan BHM:

Sálfræðingafélagið er virkur þátttakandi í öllu starfi BHM og á fulltrúa í lykilinefndum. Bóas Valdórsson sat í stjórn BHM fram að aðalfundi BHM í maí 2019, Sigríður Karen Bárudóttir situr í stjórn sjúkrasjóðs og Anna María Frímansdóttir situr í kjara- og réttindanefnd.

Formannafundir eru haldnir reglulega þar sem farið er yfir mál aðildarfélaga og bandalagsins og sækir formaður þá fundi, framkvæmdastjóri situr einnig reglulega fundi innanhúss sem utan í samstarfi við BHM.

Nokkrar breytingar hafa verið á húsakynnum BHM í Borgartúni 6 á síðustu misserum eins og komið hefur fram í skýrslum síðustu ára. Nú er unnið að koma upp eldunar- og borðaðstöðu fyrir starfsfólk upp á 4ðu hæð. Við það skapast aukið skrifstofurými á 3ju hæð og er þegar byrjað að setja þar upp skrifstofu, auk þess sem tilfærslur verða hjá nokkrum aðildarfélögum. Sálfræðingafélag Íslands hefur óskað eftir að kaupa 13,7 fm skrifstofu sem staðsett verður í öðru af gömlu fundarherbergjunum og um leið óskað eftir að færa núverandi skrifstofu nær þeirri skrifstofu. Þetta er gert því ljóst þykir að

með fjölgun félagsmanna mun vera sífellt meiri þörf fyrir bætta aðstöðu fyrir félagsmenn, nefndir og starfsfólk félagsins.

Erlent samstarf:

Mikilvægt er að sinna erlendu samstarfi að því marki sem hægt er.

SAK: Fundir norrænu sálfræðingafélaganna (SAK) voru haldnir í Stokkhólmi, Svíþjóð í apríl og svo hér í Reykjavík í október. Að vori var fundur um fagmál, nefnafundur og fundur formanna og framkvæmdastjóra. Að hausti var fundur um kjaramál, nefnafundur og fundur formanna og framkvæmdastjóra.

EFPA: Aðalfundur EFPA er haldin annað hvert ár og var haldinn fundur í Moskvu snemma í júlí 2019. Formaður og framkvæmdastjóri fóru á fundinn fyrir hönd Sí. Í vikunni á undan var haldin Evrópuráðstefna og voru sömu aðilar viðstaddir. Sí á tengiliði í nokkrum nefndum EFPA. Árlegur fundur með tengiliðum nefnda var ekki haldinn í janúar en stefnt er að halda fund í mars. Umsókn um EuroPsy var ekki unnin frekar á árinu, ein ástæða þess er að beðið hefur verið eftir gildistöku reglugerðar um starfsþjálfunarár sem ítrekað hefur verið frestað. Sé starfsþjálfunarár fest í sessi er hugmyndin að hægt verði að óska eftir EuroPsy vottun strax við löggildingu.

Formanni er reglulega boðið á aðalfundi og ráðstefnur erlendra sálfræðingafélaga en hingað til hafa slík boð ekki verið þegin vegna forgangsroðunar á tíma og fjármagni.

Aðrar áherslur í starfi stjórnar á starfsárinu:

Aukið aðgengi almennings að sálfræðipjónustu

Ýmis tækifæri hafa verið nýtt í vinnu að auknu aðgengi almennings að sálfræðipjónustu. Formaður og framkvæmdastjóri hafa tekið þátt í ráðstefnum og þingum um geðheilbrigðismál. Skrifaðar hafa verið umsagnir um lög á Alþingi þar sem lögð er áhersla á mikilvægi starfa sálfræðinga í geðheilbrigðismálum. Vakin er athygli á geðheilsuáttum sem og vinnu sálfræðinga s.s. viðtölum á facebook síðu félagsins.

Sálfræðingafélag Íslands var þrívægis boðað á fundi hjá Velferðarnefnd Alþingis til að gefa upplýsingar og álit á frumvörpum sem voru til vinnslu hjá nefndinni. Tvívægis vegna frumvarps um niðurgreiðslu sálfræðinga hjá Sjúkratryggingum Íslands og í eitt skipti varðandi fjölgun stöðugilda sálfræðinga í fangelsum á Íslandi.

Sérfræðileyfi

Samkvæmt upplýsingum frá Embætti landlæknis hafa aðeins 8 sálfræðingar fengið sérfræðileyfi samkvæmt nýju reglugerðinni á árunum 2017, 2018 og 2019. Mikilvægt er að vinna áfram í samvinnu með Fagráði félagsins hvernig megi fjölga sérfræðingum og þá með nýjum námsleiðum.

Starfsþjálfunarár

Vinnuhópur var stofnaður á haustmánuðum 2018 að tillögu Heilbrigðisráðuneytisins til að komast að ásættanlegri niðurstöðu um gildistöku reglugerðar um starfsþjálfunarár sálfræðinga. Í vinnuhópnum

voru Hrund Þrándardóttir og varamaður Matthías Matthíasson. Aðrir í vinnuhópnum eru María Sæmundsdóttir frá ráðuneytinu, Anna Björg Aradóttir frá Embætti landlæknis, Jón Friðrik Sigurðsson frá HR og Ingunn Hansdóttir frá HÍ. Fyrsti fundur var haldinn 6. febrúar og var farið yfir málin. Áhersla var á starfþjálfunarstöðvar og verður það kannað betur á milli funda. Nýr formaður SÍ, Tryggvi Ingason, tók við af Hrund í vinnuhópnum en til að byrja með sitja bæði fundina.

Haldnir voru þrjú fundir með góðum umræðum og gagnasöfnun, t.d. hvort starfsstöðvar sálfræðinga hafi getu til að taka á móti sálfræðingum í starfþjálfun. Á vormánuðum 2019 stoppaði þessi vinna og var henni ekki haldið áfram þrátt fyrir þrýsting frá stjórn SÍ um að halda viðræðum áfram. Í febrúar 2020 komu skilaboð þess efnis að verið sé að vinna þetta mál innan Heilbrigðisráðuneytisins og verður félagið upplýst um gang mála á næstu vikum.

Önnur mál

Alvarleg staða vitsmunaprokprófa

Eftir góða og markvissa forvinnu vegna alvarlegrar stöðu vitsmunaprokprófa fór af stað nefndarvinna að frumkvæði Mennta- og menningarmálaráðuneytis haustið 2018. Óskað var eftir tilnefningu SÍ í starfshóp um stöðu vitsmunaprokprófa á Íslandi. Markmið með vinnu starfshópar er að fara yfir stöðu vitsmunaprokprófa og koma með tillögum til úrbóta í málaflokknum. Tilnefndir voru Orri Smáráson úr prófanefnd og Álfheiður Guðmundsdóttir úr fagdeild skóla. Orri var valinn af ráðuneytinu.

Nú í sumar kom út skýrsla með tillögum að úrlausnum. Hefur verið unnið að því að fá fund með ráðuneyti til að fara yfir skýrslu nefndarinnar.

Heimasíða.

Ný heimasíða fór í loftið í janúar 2019 og hefur efni af gömlu síðunni verið fært yfir á nýju síðuna. Rætt hefur verið um hvernig gera mætti hana aðgengilegri. Stjórn hefur samþykkt að unnið verði að bættri síðu.

Umræða um gagnreynda meðferð

Nokkur umræða varð á árinu um gagnreynda meðferð og störf löggildra heilbrigðisstétta, hvernig og hvenær félagið beitir sér í málum, t.d. í opinberri umræðu. Rætt hefur verið um hvernig megi fræða almenning um kosti gagnreyndra meðferða og einnig hvernig almenningur geti gengið úr skugga um að meðferðaraðilinn sé sálfræðingur. Stjórn hefur unnið að verkefni til að upplýsa almenning betur varðandi kosti þess að meðferðaraðilinn sé sálfræðingur. Meðal annar var rætt við auglýsingafyrirtæki um hugsanlega aðkomu þeirra í þróun og útfærslu. Það reyndist kostnaðarsamt svo stjórn hefur ákveðið að finna aðra leið við þá vinnu.

Verkaskipting stjórnar

Á starfsárinu hefur formaður starfað í hálfri stöðu við félagið og hefur tveggja daga viðveru á skrifstofu. Stjórn hefur rætt verkaskiptingu formanns og varaformanns en hefð er fyrir því að

formaður sinni fagmálum og varaformaður kjaramálum. Við ráðningu formanns á skrifstofu skapast tækifæri fyrir hann að sinna þeirri miklu vinnu sem tilheyrir kjaramálum, bæði í félaginu og í samstarfi við önnur félög BHM, en kjaramál eru t.a.m. mikið rædd á formannaráðsfundum. Ákveðið hefur verið að frá og með aðalfundi 2020 taki formaður við kjaramálum en varaformaður fái ábyrgð á fagmálum.

Fyrir hönd stjórnar SÍ,



Tryggvi Guðjón Ingason, formaður

